



Nefndasvið Alþingis
Umhverfis og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/1341
komudagur 2.3.2012

Hvammstanga 29. febrúar 2012

Efni: Umsögn SSVN um þingsályktunartillögu að stefnumótandi Samgönguáætlun 2011-2022

Almennt um tillöguna

Fagna ber hinu nýja verklagi sem viðhaft var að hálfu samgönguráðs um mótun stefnu í samgöngumálum. Hins vegar er því mótmælt harðlega hve litlu fé er varið til samgöngumála á Norðurlandi vestra. Ljóst er á áætluninni að mun minna fjármagn er til ráðstöfunar til málaflokksins en áður. Því er forgangsroðun brýnni en áður og mikilvægt að gæta þess að nægu fé sé varið til viðhalds og smærri verkefna meðan svo árar. SSVN vill benda á brýna þörf á auknum fjárveitingum til viðhalds vegakerfisins og fagnar þeim áherslum sem fram koma í áætluninni sem snú að lagningu bundins slitlags á tengivegi. Stjórnin telur að stórauka þurfi framlög til viðhalds og lagninga bundins slitlags héraðs og tengivegi og telur að forgangsraða þurfi verkefnum í þá átt.

Almenningssamgöngur

SSNV hefur tekið yfir rekstur og skipulag almenningssamganga á Norðurland vestra skv. samningi við Vegagerðina þar um. Að mati SSVN er hér um jákvæða þróun að ræða sem gefur tilefni til að auka og bæta nærþjónustu við íbúa. Ljóst er að auka þarf fjárframlög til almenningssamgangna ef takast á að auka hlutdeild almenningssamganga í fólksflutningum hér á landi eins og kveðið er á um í Stefnumótun í almenningssamgögnum. Miðað við núverandi fjárveitingar er ekkert svigrúm til þróunar kerfisins og því er lögð þung áhersla á aukið fjármagn til málaflokksins. Samfara eflingu almenningssamgangna er mikilvægt að bæta vetrarþjónustu þá sérstaklega á fjallavegum.

Vegaframkvæmdir

Áherslur sveitarstjórnarmanna á Norðurlandi vestra hafa mörg undanfarin ár miðað að því að byggja upp greiðari samgöngur innan svæðis, m.a. með viðhaldi núverandi vegakerfis og stækkun vinnusóknarsvæða að leiðarljósi. Aukin umferð ferðamanna kallar víða á úrbætur á héraðsvegum af öryggissjónarmiðum og því er mikilvægt að horfa sérstaklega til þess að héraðs- og tengivegir verði lagðir bundnu slitlagi og mikilvægt er að auka fjárveitingar sérstaklega til þess verkefnis. Eina nýframkvæmd í vegamálum á Norðurlandi vestra er endurnýjun Skagastrandarvegur á kaflanum



Hringvegur-Laxá á þriðja tímabili. Þá eru 100 milljónum veitt til verksins sem gert er ráð fyrir að kosti um 1,3 milljarða króna skv. áætluninni. Heildarútgjöld í þessum vegaf framkvæmdakafla eru 26.783 Mkr og af því sem sagt 0,37% eyrnamerkt vegum á Norðurlandi vestra. Lögð er þung áhersla á að þessi framkvæmd verði færð framár í áætlun og henni lokið á gildistíma áætlunarinnar.

Framkvæmdaáætlun - áherslumál

SSNV leggur til að eftirfarandi framkvæmdir á Norðurlandi vestra verði settar á samgönguáætlun.

- ✓ **Þverárfjallsvegur.** Endurbygging Skagastrandarvegar frá Þjóðvegi 1 að Höskuldsstöðum. Jafnframt verði lokið gerð vegarins á Sauðárkróki.

Tímabil: Að verkinu verði lokið á gildistíma áætlunarinnar.

- ✓ **Héraðs- og tengivegir.** Afar brýnt er að stórbæta viðhald héraðs- og tengivega í Húnavatnssýslum og Skagafirði og þeir lagðir **bundnu slitlagi**.

Tímabil: Skammtímaáætlun 2011-2014.

- **Vatnsnesvegur 711.** Hafist verði handa við lagningu bundins slitlags á veginn á árinu 2012. **Tímabil: Skammtímaáætlun 2011-2014**
- **Skagavegur 745.** Hafist verði handa við lagningu bundins slitlags á árinu 2012. **Tímabil: Skammtímaáætlun 2011-2014**
- **Skagafjarðarvegur 752.** Hafist verði handa við lagningu bundins slitlags á árinu 2012 frá núverandi slitlagsenda. **Tímabil: Skammtímaáætlun 2011-2014**
- **Þingeyravegur 721.** Hafist verði handa við lagningu bundins slitlags á árinu 2012. **Tímabil: Skammtímaáætlun 2011-2014**
- **Reykjastrandarvegur 748.** Hafist verði handa við lagningu bundins slitlags á árinu 2012. **Tímabil: Skammtímaáætlun 2011-2014**

- ✓ **Þjóðvegur 1.** Áfram verði unnið að viðhaldi og breikkun þjóðvegar 1 um Húnavatnssýslur.

Tímabil: Á gildistíma áætlunarinnar.

- ✓ **Vegstæði um Holtavörðuheidi.** Nú þegar verði hafnar athuganir á lækkun vegstæðis þjóðvegar 1 um Holtavörðuheidi og sú framkvæmd sett á samgönguáætlun.

Tímabil: Á gildistíma áætlunarinnar.

Innanlandsflug

Mikilvægt er að fjármagn verði áfram tryggt til Innanlandsflugs til Sauðárkróks. Í áætluninni er rætt um að gera félagshagfræðilega úttekt á framtíð áætlunarflugs innanlands. Mikilvægt er að slík greining fari fram og stefna mótuð í kjölfarið um framtíð áætlunarflugs innanlands.



Annað.

Þá er rétt í lokin að áréttu að skipulagsmál og þ.m.t ákvarðanir um vegstæði og lagningu vega er á forræði sveitarfélagana. SSNV mótmælir öllum tilraunum samgönguyfirvalda sem á einhvern hátt fara gegn lögvörðum rétti sveitarfélagana.

Virðingarfyllst

Jón Óskar Pétursson

Jón Óskar Pétursson, framkvæmdastjóri SSNV